

REGLUGERÐ

um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2018 samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

1. gr.

Fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks samkvæmt lögum nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2018:

- a. Hámarksfjárhæð samkvæmt 3. mgr. 11. gr. skal nema 803.724 kr. á mánuði.
- b. Greiðsla til foreldris í námi samkvæmt 14. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr., skal nema 225.439 kr. á mánuði.
- c. Grunngræiðsla samkvæmt 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., skal nema 225.439 kr. á mánuði.
- d. Barnagreiðslur samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 33.168 kr. á mánuði.
- e. Sérstakar barnagreiðslur samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 9.602 kr. á mánuði vegna tveggja barna og 24.965 kr. á mánuði vegna þriggja barna.
- f. Frítekjumark samkvæmt 2. mgr. 22. gr. skal vera 77.688 kr. á mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 10. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 4. mgr. 20. gr., 4. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr. 31. gr., laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1248/2016, um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2017 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Velferðarráðuneytinu, 29. desember 2017.

Ásmundur Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.